

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

### Umsögn

**Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra veitir hér umsögn um 690. mál 151. löggjafarþings 2020-2021**

Farþegaflutningar og farmflutningar á landi (tímabundnir gestaflutningar og vanræksluálag).

Umsögnin snýr að tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum.

Íslenskir leigubifreiðastjórar fagna þeim viðsnúningi í Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu frá þeirri ætlun ráðuneytisins að opna Ísland fyrir erlendum atvinnurekendum í fólksflutningum á landi, yfir í að setja þeim skýr takmörk nýtingar.

Eins og kemur vel fram í umsögn Samtaka ferðapjónustunnar, er brýnt að binda enda á félagsleg undirboð á íslenskum launamarkaði og tryggja að eftirliti verði bætt og sinnt með þeim erlendu aðilum sem hyggjast stunda hér farþegaflutninga í atvinnuskyni. Þá er einnig áriðandi að setja refsí og sektarákvæði í lögin, til þess að geta hæglega framfylgt eftirlitinu með árangur að leiðarljósi, ef ekki skal horft upp á endurtekin brot gesta í umhverfi fábrotins eftirlits.

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra styður heilshugar umsögn Samtaka ferðapjónustunnar.

Vert er að minnast aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna kórónuveirunnar, sem skal verja afkomu fólks og fyrirtækja í landinu og bregðast við efnahagslegum afleiðingum heimsfaraldursins.

Reykjavík 29. apríl 2021

Virðingarfyllt

f.h. Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra

Daníel O. Einarsson, formaður

